

Brothættar byggðir

Til : Þórdís Sif Sigurðardóttir
Frá : sigga@byggdastofnun.is
CC : kristjan@byggdastofnun.is
Heiti : Brothættar byggðir
Málsnúmer : 2014090062
Málsaðili : Byggðastofnun
Skráð dags : 11.10.2017 10:05:03
Höfundur : sigga@byggdastofnun.is

Sæl.

Í framhaldi af samtali okkar áðan set ég hér nokkur atriði niður, ykkur til athugunar:

- Fyrsta skrefið er að setja á fót verkefnisstjórn. Í henni sitja: Byggðastofnun, Ísafjarðarbær, Fjórðungssamb., AtVest og tveir fulltrúar íbúa. Hvað sveitarfélagið varðar þarf þá að ákveða hver kemur í verkefnisstjórnina af ykkar hálfu, hvort það er Gísli eða einhver annar. Oftast er sveitarstjóri fulltrúinn, en þó er dæmi um annað, þ.e. hvað Akureyrarkaupstað varðar, en Eiríkur hefur samt mætt á flesta íbúafundi í eyjunum. Í öðru lagi hafið þið milligöngu um að fundnir verði tveir fulltrúar íbúa á Þingeyri. Mér sýnist að þar gætuð þið nýtt hverfisráðið úr því það er til staðar. Við viljum gjarnan að þessir tveir fulltrúar endurspegli samfélagið sem best og að sátt ríki um valið.
- Þegar verkefnisstjórnin er stofnuð myndum við huga að fyrsta fundi hennar og þá að halda hann á Ísafirði eða á Þingeyri sem væri auðvitað flottast. Þar leggjum við grunninn að fyrstu skrefum í verkefninu.
- Það þarf að gera stöðugreiningu sem lögð verður til grundvallar verkefnislýsingu, ásamt niðurstöðum íbúafingsins – en það ræðum við væntanlega nánar á fyrsta verkefnisstjórnarfundum.
- Þá þarf einnig að gera samning um verkefnið, Kristján leiðir það mál.
- Eins og ég nefndi við þig settum við stefnuna á íbúafing í janúar-febrúar og það hentar ykkur greinilega líka. Ég mun nefna þetta við Sigurborgu, til að „taka hana frá“.
- Þú nefndir að finna þurfi nafn á verkefnið – en eins og ég sagði þér þá höfum við látið íbúana stinga upp á nöfnum og kjósa á milli, það eykur enn frekar á þá tilfinningu að verkefnið sé þeirra.
- Já og við erum auðvitað spennir fyrir Blábankaverkefninu! Það kemur vafalítið við sögu, t.d. í málefnavinnu á íbúafinginu.

Man ekki fleira í svipinn, Kristján kannski bætir við ef þarf.

Bestu kveðjur og hlakka til að heyra frá ykkur – við sjáum um að ræða við Aðalstein Óskars varðandi setu í verkefnisstjórn.

Sigga

Sigríður K. Þorgrímsdóttir

Próunarsviði Byggðastofnunar

Sími 455 5400 og beinn sími 455 5456

Gsm 869 7203

Veffang: www.byggdastofnun.is